

## 92. fundur skráningarráðs haldinn 3. júní 2015 hjá Landskerfi bókasafna kl. 9-11

Fundarmenn: Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sigrún Marelsdóttir (fundarritari). Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Fundargerð 91. fundar:** Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

### 2. **Ákvarðanir skráningarráðs – erindi frá Hildi Gunnlaugsdóttur**

Samþykkt var að nota skammstöfunina bls.í stað s., einnig að ekki skuli nota sviga í deilisviði q í sviði 020 í frumskráðum færslum. Svið 260 verður ekki notað. Samþykkt var að nota svið 740 áfram og að nauðsynlegt sé að nota síðari vísi 2 til að sýna tengsl í sviði 700, 730 og 740 (analytical entry).

### 3. **Annar titill - svið 246**

Samþykkt var að nota fyrri vísa 1 og 3 og seinni vísa # og 3 við skráningu í Gegni. Svið 246 er notað fyrir titla sem eiga við verkið í heild. Nota verður staðlað orðalag ef deilisvið i er notað til þess að sýna hvert titill er sóttur.

Dæmi 1:

<b>245</b>	<b>10</b>	<b>a</b>	<b>Fluga á vegg :</b>
		<b>b</b>	<b>sönn lygasaga /</b>
		<b>c</b>	<b>Ólafur Haukur Símonarson.</b>
<b>246</b>	<b>1</b>	<b>i</b>	<b>Titill á kili:</b>
		<b>a</b>	<b>Veggjafluga</b>
<b>246</b>	<b>33</b>	<b>a</b>	<b>Sönn lygasaga</b>

Dæmi 2: Rit með texta á mörgum tungumálum:

<b>245</b>	<b>10</b>	<b>a</b>	<b>Íslandslitir = Couleurs d'Islande = Colours of Iceland = Islandfarben /</b>
		<b>c</b>	<b>Thorstein Henn.</b>
<b>246</b>	<b>33</b>	<b>a</b>	<b>Couleurs d'Islande</b>
<b>246</b>	<b>33</b>	<b>a</b>	<b>Colours of Iceland</b>
<b>246</b>	<b>33</b>	<b>a</b>	<b>Islandfarben</b>

Svið 740 er fyrir titil hluta verks (óhöfundargreint), sviðið birtist ekki á leitir.is. Óskað er eftir Scancode fyrir 246 \$i.

#### 4. Notkun heita og kóða - marksvið 336, 337 og 338

Samþykkt var að nota bæði deilsvið a og b. Notkun \$a er óhjákvæmileg og notkun \$b auðveldar úrvinnslu, t.d á leitir.is. Þegar sótt er í höfðalista (F3) komia deilsviðin öll svo að ekki er seinlegra að nota \$b en að sleppa því. Innfluttar færslur eru yfirleitt án \$b en það er hægt að setja inn í keyrslu. Nota skal \$2 þegar heiti í \$a er samkvæmt Term and Code List for RDA.

#### 5. Útgáfustaðir og útgefendur óþekkt - svið 264

Við munum þurfa að nota þrjár mismunandi fyrirsagnir, það er fyrir útgáfu, dreifingu og framleiðslu. Varðandi höfundarrétt verður táknið © notað og krefst ekki fyrirsagnar.

Dæmi:

Orðalag í stað [S.l.] [s.n.] [s.a.]

<u>264</u>	<u>1</u>	<u>a</u>	[Útgáfustaðar ekki getið] :
		<u>b</u>	[útgefanda ekki getið],
		<u>c</u>	[útgáfuárs ekki getið].
<u>264</u>	<u>2</u>	<u>a</u>	[Dreifingarstaðar ekki getið] :
		<u>b</u>	[dreifingaraðila ekki getið],
		<u>c</u>	[dreifingarárs ekki getið].
<u>264</u>	<u>3</u>	<u>a</u>	[Framleiðslustaðar ekki getið] :
		<u>b</u>	[framleiðanda ekki getið],
		<u>c</u>	[framleiðsluárs ekki getið].
<u>264</u>	<u>4</u>	<u>a</u>	©2015.

#### 6. Önnur mál

Rósa leggur til að búið verði til skema fyrir vinnuhópa sem sjá um skráningu mismunandi tegunda efnis. Hallfríður ætlar að biðja Sóleyju um að taka að sér að búa til skemu sem síðan er hægt að fylla út í eftir þörfum. Hildur tekur að sér að færa breytingar varðandi RDA skráningu inn í Handbók skrásetjara.